

Borgarstjórn Reykjavíkur

1. júní 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins um útboð á ljósastýringum, raforkukaupum og LED-lýsingu gatna

Borgarstjórn samþykkir að farið verði í útboð vegna raforkukaupa, ljósastýringa og LED-ljósavæðingar borgarinnar. Um er að ræða innkaup sem nema hundruðum milljóna á ári, en nýlega hafa gengið úrskurðir um ólögmæti núverandi fyrirkomulags þar sem ljóst er að bjóða þarf út kaup á öllum þessum þáttum án tafar.

Greinargerð

Ljósastýringar

Reykjavíkurborg keypti, án útboðs eða verðkönnunar, búnað til stýringar umferðaljósa með samningum 9. júlí 2019. Þann 11. október 2019 bauð síðan Reykjavíkurborg út rammasamning um stýribúnað umferðaljósa með þröngum skilyrðum um tengingu við búnaðinn sem þegar hafði verið keyptur af ákveðnum aðila. Úrskurðarnefnd útboðsmála kvað upp úrskurð sinn í desember 2020 um að rökstuðning hafi skort fyrir þessum óvenjulegu útboðsskilmálum og þeir væru ólögmætir. Ljósastýringar í borginni þarf að bæta og er því brýnt að bjóða þær út svo fljótt sem verða má án ólögmætra skilyrða.

Raforkukaup

Áfrýjunarnefnd útboðsmála komst að þeirri niðurstöðu nú í maí 2021 að Reykjavíkurborg beri að bjóða út raforkukaup sín, enda er um að ræða gríðarháar fjárhæðir. Fulltrúar í innkauparáði höfðu ítrekað bent á að bjóða ætti út raforkukaup borgarinnar allt frá árinu 2018. Nú er komið í ljós að bjóða beri út þessi viðskipti sem hafa verið gerð við einn aðila, Orku náttúrunnar ohf., án útboðs, án samnings og án afsláttar. Mikill munur er á verði á rafmagni eða allt að 25% munur á kWh. Það er því til mikils að vinna fyrir borgina að bjóða út rafmagnskaup, en auk þess er nú skýrt að slíkt er lagaskylda.

LED-lýsing gatna

Reykjavíkurborg braut gegn lagaskyldu sinni um útboð með samningum við Orku náttúrunnar ohf. vegna LED-væðingar gatna í borginni. Þetta kemur fram í nýlegum úrskurði kærufndar útboðsmála frá maí 2021 þar sem nefndin gerði borginni að bjóða verkið út. Samtök iðnaðarins kærðu samninga borgarinnar við ON og komst úrskurðarnefndin að því að kaupin væru ólögmæt. Það er því einboðið að borgarstjórn taki af skarið og bjóði þessi verkefni út hið fyrsta eins og við á.